

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Eyþórs Stefánssonar tónskálds.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður þann 23. janúar 1991 á nítugasta afmælisdegi Eyþórs Stefánssonar tónskálds og heiðursborgara á Sauðárkróki.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Eyþórs Stefánssonar tónskálds. Heimili hans og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að efla tónlistarlíf í landinu og þá sérstaklega á Sauðárkróki og Skagafirði, með því að styrkja ungt og efnilegt tónlistarfólks til náms.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 sem bæjarstjórn Sauðárkróks leggur fram til heiðurs Eyþóri. Einnfremur skal gjafafé sem sjóðnum áskotnast til heiðurs Eyþóri leggjast við stofnfé hans. Stofnfé sjóðsins skal ávallt haldast óskert.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu bæjarstjórans á Sauðárkróki, sem skal ásamt stjórn sjóðsins sjá um að eignir sjóðsins séu jafnan ávaxtaðar á sem hagkvæmastan hátt. Höfuðstóllinn skal jafnan vera verðtryggður.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum sem skulu vera tilnefndir sem hér segir: Einn tilnefndur af bæjarstjórn Sauðárkróks, einn tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og loks skólastjóri Tónlistarskólans á Sauðárkróki.

6. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

Úthlutanir úr sjóðnum skulu vera annað hvort eftir umsóknum um styrki úr honum eða eftir ákvörðun sjóðsstjórnar án umsóknar hverju sinni.

Ekki má úthluta meiru en sem nemur vaxtatekjum sjóðsins hverju sinni.

Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Eyþórs Stefánssonar.

7. gr.

Bæjarstjórnin á Sauðárkróki skal sjá um að úthlutana úr sjóðnum verði getið í fundargerðum bæjarráðs Sauðárkróks, þannig að tryggt sé að sem flestir fái vitneskju um gerðir sjóðsstjórnar.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur semja reikninga sjóðsins að loknu hverju almanaksári og lætur endurskoðendur bæjarreikninga yfirfara þá og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnarinnar samþykkur breytingunum. Leita skal staðfestingar ráðherra á breytingum skv. fyrri málsgrein.

Samþykki meirihluti stjórnar að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til Tónlistarskólans á Sauðárkróki.

10. gr.

Sjóðurinn telst vera stofnaður á nítugasta fæðingardegi Eypórs Stefánssonar þann 23. janúar 1991.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Framanskráð skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Eypórs Stefánssonar tónskálds samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks þann 21. janúar 1992.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Sauðárkróks,
Knútur Aadnegard, forseti bæjarstjórnar.
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 173

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1991.

Rekstrarreikningar 1. janúar – 31. desember 1991.

	Rekstur	Unninn botnfiskur	Óunninn botnfiskur	Hörpu- diskur	Bið- reikn.	Samtals
Tekjur:						
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	77 748	91 560 663	18 307 068	107 822	40 566 947	150 620 248
Gengismunur	0	25 122 638	2 798 664	9 068	7 291 923	35 222 293
Ýmsar tekjur	15 258 002	0	0	0	0	15 258 002
Samtals	15 335 750	116 683 301	21 105 732	116 890	47 858 870	201 100 543
Gjöld:						
Stjórnarlaun	2 948 195	0	0	0	0	2 948 195
Launatengd gjöld	176 892	0	0	0	0	176 892
Ýmis kostnaður	161 275	0	0	0	0	161 275
Vaxtagjöld af innstæðureikn. . .	62 107	90 842 980	18 061 431	107 822	40 566 947	149 641 287
Gengismunur	0	24 361 358	2 834 795	9 068	7 291 923	34 497 144
Samtals	3 348 469	115 204 338	20 896 226	116 890	47 858 870	187 424 793
Tekjur umfram gjöld	11 987 281	1 478 963	209 506	0	0	13 675 750